

Siðareglur Klifursambands Íslands



Siðareglur þessar gilda fyrir alla starfsemi í nafni Klifursambands Íslands. Siðareglurnar gilda hvort sem það er á mótum eða í öðrum viðburðum á vegum sambandsins og alls staðar þar sem viðkomandi kemur fram í nafni KÍ.

Stjórnendur KÍ fylgja verklagsreglum ÍSÍ: varðandi ráðningu starfsmanna, þjálfara og annarra sem koma að starfi félagsins og kynna siðareglurnar fyrir þeim og iðkendum.

- Hafa skal hagsmuni sambandsins að leiðarljósi í orðum og athöfnum og vera sambandinu til sóma í öllu starfi á þess vegum og þar sem komið er fram fyrir hönd sambandsins og notar merki þess.
- Bera skal virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, búningi sambandsins, umhverfi og mannvirkjum. Niðurlægjandi framkoma svo sem einelti, ofbeldi, kynferðisleg áreitni, illt umtal og ósæmilegar vígsluathafnir eru ekki liðnar innan sambandsins.
- Ekki skal mismuna vegna kyns, kynþáttar, kynhneigðar, aldurs, fötlunar, þjóðernis, trúarbragða, skoðana, efnahags eða annarra persónulegra þátta í fari fólks.
- Gæta skal trúnaðar gagnvart einstaklingum um atriði sem fólk verður áskynja í starfi eða við iðkun hjá félaginu. Gæta skal þess að persónuupplýsingar séu einungis notaðar í málefnalegum tilgangi og að aðgengi að slíkum upplýsingum takmarkist af því.
- Ekki skal misnota aðstöðu sína í þágu einkahagsmuna né veita neinum sérstaka fyrirgreiðslu á grundvelli persónulegra tengsla.

Viðbragðsáætlun við brotum á siðareglum

Aðilar sem telja að þessar siðareglur hafi verið brotnar skulu vísa málinu til formanns/framkvæmdastjóra KÍ, sem munu taka málið upp á stjórnarfundum. Hægt er að hafa samband við framkvæmdarstjóra/formann klifursambands Íslands í gegn um heimasíðu ([Klifursambands Íslands](#)).

Stjórn Klifursambands Íslands metur eðli málsins og kemur því í viðeigandi farveg þar sem notast er við [Viðbragðsáætlun samskiptaráðgjafa íþróttá og æskulýðsstarfs](#). Brot gegn börnum skal tilkynna til barnaverndar og/eða lögreglu eftir því sem við á, og eftirvinna málsunnin í samvinnu við viðkomandi stofnun. Mál sem snúa að kynferðisbroti eða öðru líkamlegu ofbeldi skal tilkynna til lögreglu. Einnig getur stjórn KÍ tekið ákvörðun í samræmi við viðurlagakafla í lögum sambandsins [gera hlekk] eða kært brot til [dómstóla ÍSÍ](#) í þeim tilfellum sem það á við.

Samþykkt á Klifurþingi 25. mars 2026.